

# EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 39

við Stjórnartíðindi EB

1. árgangur

20.10.1994

## I. EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

## II. EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA

94/EES/39/01	Fjárhæðir viðmiðunarmarka á sviði opinberra innkaupa sem gilda á tímabilinu 1. júlí 1994 til 31. desember 1995 .....	01
94/EES/39/02	Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls varðandi mál nr. COM 0100- Stockholm Energi .....	03
94/EES/39/03	Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. g bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn - Ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum .....	05

## 3. EFTA-dómstóllinn

## III. EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

94/EES/39/04	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.499 - Jefferson Smurfit/St. Gobain) .....	06
94/EES/39/05	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.464 - BMSC/UPSA) .....	06

<b>94/EES/39/06</b>	Reglugerðin gildir ekki um tilkynnta aðgerð (Mál nr. IV/M.485 - Rheinelektra/Cofira/DEKRA) ..... 06
<b>94/EES/39/07</b>	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 27. júlí 1994 um hlutafjárloforð CDC Participations vegna hlutabréfa sem gefin voru út af Air France ..... 07
<b>94/EES/39/08</b>	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 21. september 1994 varðandi málsmeðferð samkvæmt 85. gr. EB-sáttmálans og 53. gr. EES-samningsins (IV/34.600 - Night Services) ... 07
<b>94/EES/39/09</b>	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 6. júlí 1994 varðandi bætur vegna tapreksturs TAP á leiðunum til sjálfstæðu héraðanna Asoreyja og Madeira ..... 07
<b>94/EES/39/10</b>	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 26. 9. til 30. 9. 1994 ..... 08
<b>94/EES/39/11</b>	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir ..... 09

**3. Dómstóllinn**

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

### Fjárhæðir viðmiðunarmarkna á sviði opinberra innkaupa sem gilda á tímabilinu 1. júlí 1994 til 31. desember 1995<sup>(1)</sup> 94/EES/39/01

Fjárhæðir viðmiðunarmarkna sem gilda frá 1. júlí 1994 varðandi opinbera samninga um vörukaup í samræmi við gerðina sem vísað er til í 3. lið<sup>(2)</sup> XVI. viðauka við EES-samninginn, að undanskildum þeim samningsyfirvöldum sem talin eru upp í 2. viðbæti viðaukans, og opinbera samninga um kaup á þjónustu í samræmi við gerðina sem vísað er til í lið 5b<sup>(3)</sup> í viðaukanum, eru eftirfarandi:

	200 000 ECU	750 000 ECU
Austurrískur schillingur	2 814 820	10 555 575
Finnskt mark	1 201 734	4 506 502
Íslensk króna	15 088 100	56 580 375
Norsk króna	1 623 764	6 089 115
Sænsk króna	1 600 338	6 001 267

Samkvæmt öðrum undirlið a-liðar 1. mgr. 5. gr. gerðarinnar sem vísað er til í 3. lið XVI. viðauka við EES-samninginn, með aðlögunum í liðum 3 c) og 3 g) í viðaukanum, eru fjárhæðir viðmiðunarmarkna sem gilda innan EES um samningsyfirvöld sem talin eru upp í 2. viðbæti við viðaukann, varðandi opinbera samninga um vörukaup, eftirfarandi frá 1. júlí 1994:

	128 771 ECU
Austurrískur schillingur	1 812 335
Finnskt mark	773 742
Íslensk króna	9 714 548
Norsk króna	1 045 468
Sænsk króna	1 030 385

Fjárhæðir viðmiðunarmarkna sem gilda frá 1. júlí 1994 varðandi samninga um vörukaup og þjónustu í samræmi við gerðina sem vísað er til í 4. lið<sup>(4)</sup> XVI. viðauka við EES-samninginn, eru eftirfarandi:

	400 000 ECU	600 000 ECU	750 000 ECU
Austurrískur schillingur	5 629 640	8 444 460	10 555 575
Finnskt mark	2 403 468	3 605 202	4 506 502
Íslensk króna	30 176 200	45 264 300	56 580 375
Norsk króna	3 247 528	4 871 292	6 089 115
Sænsk króna	3 200 676	4 801 014	6 001 267

<sup>(1)</sup> 14. viðauki við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94

(Stjttíð. EB nr. L 160, 28.6.1994, bls. 134 og EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 17, 28.6.1994, bls. 118).

<sup>(2)</sup> Tilskipun ráðsins 93/36/EBE (Stjttíð. EB nr. L 199, 9.8.1993, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Tilskipun ráðsins 92/50/EBE (Stjttíð. EB nr. L 209, 24.7.1992, bls. 1).

<sup>(4)</sup> Tilskipun ráðsins 93/38/EBE (Stjttíð. EB nr. L 199, 9.8.1993, bls. 84).

Fjárhæðir viðmiðunarmarkna sem gilda frá 1. júlí 1994 varðandi opinbera verksamninga í samræmi við gerðina sem vísað er til í 2. lið<sup>(1)</sup> XVI. viðauka við EES-samninginn og verksamninga í samræmi við gerðina sem vísað er til í 4. lið viðaukans, eru eftirfarandi:

	<b>5 000 000 ECU</b>
<b>Austurrískur schillingur</b>	<b>70 370 500</b>
<b>Finnskt mark</b>	<b>30 043 350</b>
<b>Íslensk króna</b>	<b>377 202 500</b>
<b>Norsk króna</b>	<b>40 594 100</b>
<b>Sænsk króna</b>	<b>40 008 450</b>

<sup>(1)</sup> Tilskipun ráðsins 93/37/EBE (Stjtíð. EB nr. L 199, 9.8.1993, bls. 54).

**94/EES/39/02**

**Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. II. kafla bókar 4**  
**við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar**  
**og dómstóls varðandi mál nr. COM 0100- Stockholm Energi**

**A. Beiting og tilkynning**

1. Þann 2. ágúst 1994 barst eftirlitsstofnun EFTA umsókn samkvæmt 2. gr. og tilkynning, samkvæmt 4. gr. II. kafla bókar 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (ESE-samningurinn), um samninga varðandi samvinnu á sviði orkumála frá Stockholms kommun (Stokkhólmsborg), Stockholms Stadshus AB og Stockholm Energi AB.
2. Sömu samningar voru tilkynntir hinn 18. júlí 1994 til sænsku samkeppnisstofnunarinnar samkvæmt þarlandum samkeppnislögum.

**B. Máláðilar**

3. Stockholm Energi er 91% í eigu Stockholms Stadshus, sem aftur er í eigu Stokkhólmsborgar. Eftirstandandi hlutar eru milliliðalaust í eigu Stokkhólmsborgar. Heildarvelta Stockholm Energi árið 1993 var u.þ.b. 6 milljarðar SEK, og þar af kom næstum öll veltan frá orkutengdri starfsemi í Svíþjóð. Velta Stockholms Stadshus fyrir sama tímabil, þar með talin velta Stockholm Energi, var u.þ.b. 15,4 milljarðar SEK og kom næstum öll frá starfsemi í tengslum við húsnæði og nytjatengdri starfsemi í Stokkhólmsbænum. Heildarvelta Stokkhólmsborgar var 28 milljarðar SEK árið 1993, þar með talin starfsemi sem ekki er viðskiptalegs eðlis svo sem skattar ríkisfjármögnun.
4. Scarcroft er nýlega myndað dótturfyrirtæki Yorkshire. Yorkshiresamstæðan starfar aðallega á breska rafmagnsmarkaðinum í Yorkshire- og Humbersidehéruðunum. Velta Yorkshiresamstæðunnar 1993 til 1994 var 1307,9 milljónir GBP. Yorkshire sem var áður í opinberri eigu var gerð að einkastofnun á sama tíma og höft voru afnumin af breska rafmagnsmarkaðinum.

**C. Samningarnir**

5. Hluthafasamningur er til milli Stockholms Stadshus AB, Yorkshire Electricity Group Plc (Yorkshire) og Scarcroft Holdings Ltd (Scarcroft) um tengslin milli Stockholms Stadshus og Scarcroft að því er varðar kaup Scarcroft á u.þ.b. 17% af hlutabréfunum í Stockholm Energi. Hluthafasamningurinn skuldbindur Yorkshire og þau félög sem það á ráðandi ítök í, til þess að taka ekki þátt í neinu samstarfi um stefnumörkun ásamt félagi sem það er í samkeppni við eða er líklegt til að keppa við Stockholm Energi á sænska markaðinum fyrir rafmagn, gas eða hita- eða kæliveitu. Á svipaðan hátt skal Stockholm Stadshus, og félög sem það á ráðandi ítök í, ekki taka þátt í samstarfi um stefnumörkun í Breska konungsríkinu sem er beint gegn, eða er á annan hátt í samkeppni við starfsemi Yorkshire á sviði orkuframleiðslu, orkudreifingar og orkuveitu. Enn fremur eru ýmis skilyrði sem varða hagsmunagæslu Yorkshire í Stockholm Energi.
6. Að auki er til samningur um hlutafjárloforð milli Stokkhólmsborgar, Stockholms Stadshus, Yorkshire og Scarcroft sem gildir um núverandi kaup Scarcrofts á u.þ.b. 17% af hlutabréfum í Stockholm Energi.

7. Samningarnir voru undirritaðir þann 8. júní 1994. Samningur hluthafanna gildir til 31. desember 2005 með 5 ára sjálfvirkri framlengingu nema annar hvor aðilinn segi samningnum upp skriflega með 24 mánaða fyrirvara. Báðir samningarnir eru háðir samþykki hlutaðeigandi yfirvalda eða stofnana, svo sem sænsku samkeppnisstofnunarinnar, og því að Stokkhólm borg uppfylli ákveðnar skyldur fyrir 15. desember 1994.
8. Meginmarkmið samstarfsins virðist vera að auka samkeppnishæfni Stockholm Energi og Yorkshire á heimamörkuðum beggja með því að skiptast á mörkuðum og tæknilegri verkunnáttu. Kaup Yorkshire á hlutabréfum mun einnig styrkja fjárhagsstöðu Stockholm Energi.

#### D. Markaðurinn

9. Þetta fyrirkomulag hefur einkum áhrif á framleiðslumarkað eða markaði fyrir rafmagn. Landfræðilegir markaðir sem verða fyrir áhrifum eru fyrst og fremst Svíþjóð og Breska konungsríkið, einkum England og Wales. Vegna mismunandi skipulags og löggjafar er hægt að útiloka Skotland og Norður-Írland við mat á áhrifum á breska rafmagnsmarkaðinn. Ekki er um að ræða beina samkeppni milli innlendra rekstraraðila ýmissa landa vegna gildandi innlendra reglugerða.
10. Sænska rafmagnslöggjöfin (1902:71) veitir í raun rafmagnsframleiðendum og rafmagnsdreifendum svæðisbundnar framleiðsluheimildir einkum með því að veita svæðisbundinn einkarétt. Enn fremur er verði stýrt að verulegu leyti. Sænska þingið hefur þó nýlega samþykkt frumvarp ríkisstjórnarinnar um að aflétta höftum af rafmagnsmarkaðinum og leyfa þar með samkeppni í landinu og öðlast lög in gildi 1. janúar 1995.
11. Heildarrafmagnsframleiðsla í Svíþjóð var u.þ.b. 140 TWh árið 1993. Í Svíþjóð eru að minnsta kosti átta stórir rafmagnsframleiðendur. Tveir stærstu framleiðendurnir Vattenfall og Sydkraft standa að 50% og 20% heildarframleiðslunnar, en Stockholm Energi framleiðir minna en 10%.
12. Í Breska konungsríkinu virkar innlend rafmagnslöggjöf sem hindrun fyrir aðgangi. Þó hefur höftum verið aflétt af breska rafmagnsmarkaðinum til að leyfa töluverða samkeppni milli rekstraraðila í landinu.
13. Heildarframleiðsla í Englandi og Wales árið 1993 var u.þ.b. 270 TWh. Þrír aðalrafmagnsframleiðendurnir í Englandi og Wales, National Power, Power Generation og Nuclear Electric, eiga samanlagt u.þ.b. 85% af heildarframleiðslunni á meðan hlutur Yorkshire er 1% eða minni. Að því er varðar dreifingu og sölu á rafmagni þá eru 12 svæðisbundin félög virk auk aðalframleiðendanna. Yorkshire er eitt þessara héraðsfélaga með minni en 10% markaðshlut.

#### E. Áform eftirlitsstofnunar EFTA

14. Í ljósi takmarkaðra viðskipta með rafmagn á milli landa, tiltölulega veikrar stöðu aðilanna á heimamörkuðunum og að því er virðist takmarkaðra áhrifa samvinnu, áformar eftirlitsstofnun EFTA að taka jákvæða afstöðu til framangreindra samninga og ljúka málinu innan tilskilins tíma með því að senda stjórnarsýslubréf („comfort letter“). Áður en það er gert gefur hún gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að senda athugasemdir sínar, innan mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar og tilgreina skráningarnúmer COM 020.0100, á eftirfarandi heimilisfang:

EFTA Surveillance Authority  
Competition Directorate  
1-3 Rue Marie-Thérèse  
1040 Brussels  
Belgium

**Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt  
61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. bókunar 3  
við samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn**

94/EES/39/03

**Ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum**

<b>Ákvörðunin var samþykkt þann:</b>	7.9.1994
<b>EFTA-ríki:</b>	Finnland
<b>Aðstoð nr.:</b>	94-023
<b>Titill:</b>	Atvinnustyrkur fyrir atvinnulaust ungt fólk með iðnaðarmenntun eða háskólapróf
<b>Markmið:</b>	Að auka möguleika ungs útskrifaðs fólks til að fá atvinnu sem hæfir menntun þeirra
<b>Lagalegur grunnur:</b>	Lög um atvinnumál ( <i>Työllisyyslaki (275/87)</i> ); Reglugerð um atvinnumál ( <i>Työllisyysasetus (130/93)</i> )
<b>Fjárveiting:</b>	Styrkir veittir eingöngu til einkageirans: 1994: 100 milljónir FIM 1995: 300 milljónir FIM 1996: 300 milljónir FIM
<b>Fjárhæð aðstoðar:</b>	3 500 FIM á mánuði á mann
<b>Gildistími:</b>	1994-1996
<b>Skilyrði:</b>	Ársskýrsla

<b>Ákvörðunin var samþykkt þann:</b>	7.9.1994
<b>EFTA-ríki:</b>	Finnland
<b>Aðstoð nr.:</b>	94-024
<b>Titill:</b>	Atvinnustyrkur vegna starfsþjálfunar
<b>Markmið:</b>	Að veita ungu atvinnulausu fólki aukin tækifæri til þjálfunar með því að veita vinnuveitendum sem gera lærlingasamning aðstoð (i) vegna starfsþjálfunar fyrir ófaglært, atvinnulaust fólk undir 25 ára aldri eða (ii) vegna frekari þjálfunar fyrir atvinnulaust fólk undir 30 ára aldri með undirstöðuþjálfun
<b>Lagalegur grunnur:</b>	Lög um atvinnumál ( <i>Työllisyyslaki (275/87)</i> ); Reglugerð um atvinnumál ( <i>Työllisyysasetur (130/93)</i> )
<b>Fjárveiting:</b>	Styrkir veittir eingöngu til einkageirans: 1994: 48 milljónir FIM 1995: 180 milljónir FIM 1996: 202 milljónir FIM
<b>Fjárhæð aðstoðar:</b>	1 500 - 2 500 FIM á mánuði á mann
<b>Gildistími:</b>	1994 -1996
<b>Skilyrði:</b>	Ársskýrsla

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.499 - Jefferson Smurfit/St. Gobain)

94/EES/39/04

Framkvæmdastjórnin ákvað 19. 9. 1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 43 01

### Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.464 - BMSC/UPSA)

94/EES/39/05

Framkvæmdastjórnin ákvað 6. 9. 1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 43 01

### Reglugerðin gildir ekki um tilkynnta aðgerð (Mál nr. IV/M.485 - Rheinelektra/Cofira/DEKRA)

94/EES/39/06

Framkvæmdastjórnin ákvað 26. 9. 1994 að tilkynnt aðgerð í framangreindu máli félli ekki undir gildissvið samrunareglugerðarinnar vegna þess að hún myndar ekki samfylkingu í skilningi 3. gr. reglugerðarinnar. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. samrunareglugerðarinnar. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 43 01

(1) Stjótd. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjótd. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.



**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 27. júlí 1994 um 94/EES/39/07  
hlutafjárloforð CDC Participations vegna hlutabréfa sem gefin voru út  
af Air France**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun frá 27. júlí 1994 um hlutafjárloforð CDC Participations vegna hlutabréfa sem gefin voru út af Air France í Stjtið. EB nr. L 258, 6. 10. 1994. Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hlutafjárloforð CDC Participations vegna hlutabréfa sem gefin voru út af Air France í apríl 1993 teljist vera ólögleg ríkisaðstoð að fjárhæð 1 497 415 290 FF þar sem hún var veitt fyrirtækinu í bága við 3. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans. Aðstoðin er ósamrýmanleg hinum sameiginlega markaði í skilningi 92. gr. EB-sáttmálans og 61. gr. EES-samningsins. Þess er farið á leit við Frakkland að það tryggi að aðstoðin verði endurgreidd innan tveggja mánaða frá birtingu ákvörðunarinnar í Stjtið. EB.

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 21. september 1994 94/EES/39/08  
varðandi málsmeðferð samkvæmt 85. gr. EB-sáttmálans og 53. gr.  
EES-samningsins (IV/34.600 - Night Services)**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun frá 21. september 1994 varðandi málsmeðferð samkvæmt 85. gr. EB-sáttmálans og 53. gr. EES-samningsins (IV/34.600 - Night Services) í Stjtið. EB nr. L 259, 7. 10. 1994. Framkvæmdastjórnin hefur lýst því yfir að samkvæmt 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68 og 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gildi 1. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins ekki um samningana varðandi European Night Services Ltd frá 29. janúar 1993 til 31. desember 2002.

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 6. júlí 1994 94/EES/39/09  
varðandi bætur vegna tapreksturs TAP á leiðunum til sjálfstæðu  
héraðanna Asoreyja og Madeira**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun frá 6. júlí 1994 varðandi bætur vegna tapreksturs Transportes Aéros Portuguese SA (TAP) á leiðunum til sjálfstæðu héraðanna Asóreyja og Madeira í Stjtið. EB nr. L 260, 8. 10. 1994. Framkvæmdastjórnin hefur lýst því yfir að aðstoðin, sem Portúgal tilkynnti um, og veitt var til að bæta upp tapið sem TAP varð fyrir þegar það sá um að uppfylla kröfur um opinbera þjónustu á leiðunum til sjálfstæðu héraðanna Asóreyja og Madeira, samrýmist hinum sameiginlega markaði og EES-samningnum þar til 1. janúar 1996 þar sem um væri að ræða aðstoð sem stuðlaði að uppgangi á svæðum þar sem lífskjör eru óeðlilega bágborin eða þar sem alvarlegt atvinnuleysi ríkir.

**Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin  
sendi ráðinu á tímabilinu 26. 9. til 30. 9. 1994**

94/EES/39/10

Þessi skjöl er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmd- astjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíð- ufjöldi
COM(94) 401	CB-CO-94-424-EN-C <sup>(1)</sup>	Tillaga að tilskipun ráðsins um nauðsynlegar lágmarksráðstafanir vegna eftirlits með sjúkdómum sem leggjast á tvískelja lindýr	23.9.1994	26.9.1994	10
COM(94) 395	CB-CO-94-415-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3677/89 varðandi heildaralkóhólstyrkleika miðað við rúmmál í tilteknum gæðavínum sem flutt eru inn frá Ungverjalandi og Rúmeníu	27.9.1994	27.9.1994	7
COM(94) 264	CB-CO-94-407-EN-C	Tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um að gera árið 1996 að ári símenntunar í Evrópu	7.9.1994	29.9.1994	17

<sup>(1)</sup> „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

**Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir****94/EES/39/11**

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stjttíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stjttíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
<b>94-0191-I</b>	Heiti á „hefðbundnu ítölsku brauði“ og „heimabökuðu brauði“	2. 1. 1995
<b>94-0192-I</b>	Breytingar og viðbætur við lög nr. 580 frá 4. júlí 1967 um framleiðslu og markaðssetningu á hveiti	2. 1. 1995
<b>94-0193-I</b>	Breytingar og viðbætur við lög nr. 580 frá 4. júlí 1967 um framleiðslu og markaðssetningu á harðhveitimjöli og pastavörum	2. 1. 1995
<b>94-0195-I</b>	Reglugerð um breytingar og viðbætur við einstaka gildandi staðla fyrir fræolfur, olíuviðarleifar og smjörflíki	2. 1. 1995
<b>94-0205-F</b>	SP-DGPT-ATAS-19, maí-útgáfa 1994: Tæknileg reglugerð sem gildir um stefnuvirkt radíósamband fyrir stafrænan merkjaflutning á tíðnisviðinu 22 GHz til 22.5 GHz tengt við tíðnisviðið 23 GHz til 23.5 GHz	3. 11. 1994
<b>94-0206-F</b>	SP-DGPT-ATAS-20, maí-útgáfa 1994: Tæknileg reglugerð sem gildir um stefnuvirkt radíósamband fyrir stafrænan merkjaflutning á tíðnisviðinu 23.065 GHz til 23.5 GHz	3. 11. 1994
<b>94-0207-DK</b> <sup>(3)</sup> <sup>(4)</sup>	Fyrirmæli umhverfismálaráðuneytisins um eftirlit með notkun þotuskíða o.s.frv.	Lokið

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjttíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17.3.1989, bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4.5.1994, bls. 8.

<sup>(1)</sup> Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

<sup>(2)</sup> Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

<sup>(3)</sup> Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

<sup>(4)</sup> Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.